

Atvinnumálahópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálahópi hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 7. janúar 2010 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð, og hófst fundurinn kl. 15:30

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Anna Kristinsdóttir, Markús H. Guðmundsson, Elly Þorsteinsdóttir, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Hans Orri Kristjánsson mætti á fundinn vegna 1. liðs á dagskrá.

Þetta gerðist:

1. Rapport um vinnufund atvinnumálahóps, ÍTR og Velferðarsviðs dags. 22. október 2009

Hans Orri afhenti minnisblað og kynnti innihalds þess.

Rætt sérstaklega um 13- 14 ára hópinn.

Ákveðið að senda minnisblaðið til þátttakenda vinnufundarins

Ákveðið að senda niðurstöðurnar til borgarráðs sem krefðist þess að ÍTR, Umhverfis- og samgönguráð og Velferðarráð taki niðurstöðurnar til meðferðar.

2. Samstarf borgarinnar, Vinnumálastofnunar og Rauða krossins um tilboð fyrir atvinnulausa einstaklinga.

Minnisblað lagt fram.

Byggt á tillögu borgarráðs eftir að Austurbæ var lokað.

Markmið samstarfsins er að þróa í Breiðholtinu og víðar úrræði sem henta atvinnulausu ungu fólki.

Nálgun hópsins sem vinnur að Breiðholtsverkefninu fellur vel að áherslum Vinnumálastofnunar sem tengjast atvinnulausu ungu fólki.

Rætt um þá húsnæðiskosti sem gætu hentað verkefninu vel.

Óskað eftir að „[Undirheimahópur](#)“ komi með kostnaðargreiningu á verkefninu.

3. Erindi frá Þjónustuskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Erindi vegna skönnunarverkefns á þjónustuskrifstofu Reykjavíkurborgar. Sóleyju Tómasdóttur falið að gera drög að afgreiðslu hópsins.

4. Mat sviðstjóra og skrifstofustjóra á fjölda starfa sem viðkomandi svið hyggst sækja um úr potti.

Erindið hefur verið sent út til sviðanna og beðið er eftir svörum

5. Næstu skref Atvinnumálahóps.

Næsti fundur haldinn 18. janúar kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 16:45.